

Nefndasvið Alþingis

□

b.t. nefndarritara

Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

Kirkjubæjarklaustri 21. apríl 2017.

Efni: Fjármálaáætlun 2018 til 2022 og skattahækkanir á ferðaþjónustuna

Bær hf. sem er eigandi og rekstraraðili Icelandair hótels Klaustur gerir athugasemdir við þau áform sem fram koma í fjármálaáætlun 2018 til 2022 og mótmæla áformum um skattahækkanir á ferðaþjónustu harðlega.

Skattahækkanir ofan í versnandi ytri aðstæður

Bær bendir á að félagið hefur, líkt og margir aðrir ferðaþjónustuaðilar, gert langtímasamninga um verð og framboð á þjónustu. Þetta viðskiptafyrirkomulag er sérstaklega algengt utan höfuðborgarsvæðisins. Samningar við ferðaheildsala kveða á um kaup á gistingu og þjónustu á hóteli félagsins í miklu magni og á tilteknum verðum, allt að 2 ár fram í tímann. Áhætta af breytingum í skattaumhverfi félagsins hvílir alfarið á því sjálfu á umræddu tímabili. Geta félagsins til að hleypa skattþækkun út í verðlag takmarkast því við lágt hlutfall heildarviðskipta. Svigrúm félagsins til þess að bera sjálft skattahækkanirnar er lítið sem ekkert, enda hafa horfur í greininni versnað umtalsvert vegna mikilla launahækkana og óhagstæðrar gengisþróunar. Áformaðar skattahækkanir munu því til skemmri tíma draga mjög úr arðsemi félagsins en til lengri tíma hafa bein áhrif til umtalsverðra verðhækkana.

Bær eru þegar farin að merkja minnkandi áhuga ferðaheildsala á Íslandi vegna hækkandi verðs af fyrrgreindum ástæðum, þrátt fyrir að áhrif þessara þátta séu ekki að fullu fram komin.

Hefur minni áhrif á starfsemi á höfuðborgarsvæðinu

Mikilvægt er að hafa hugfast að verðþækkun vegna skattahækkana verður hlutfallslega meiri eftir því sem ferðamenn dveljast lengur hér á landi, enda er gisting og afþreying þá stærri hluti af heildarkostnaði en þegar stuttar ferðir eru annars vegar. Skattahækkanirnar munu því leiða til þess að ferðamenn komi frekar í styttri ferðir en ella og að þeim muni fækka sem dveljist lengi á Íslandi.

Jafnframt mun verðþækkun gera landsbyggðarhótelum enn erfiðara um vik að markaðssetja sína gistingu yfir vetrartímann, en eftir miklar áherslubreytingar í markaðsstarfi Íslands á

Shi

erlendum vettvangi undanfarin ár, þar sem lykiláhersla hefur verið lögð á landsbyggð Íslands yfir vetur, eru landsbyggðarhótel nú hægt og bitandi að auka nýtingu sinna eininga yfir vetrartímann. Er hætt við að landsbyggðin lúti þar lægra haldi sökum viðbótarkostnaðar sem af hlýst af hækkun, bæði fyrir höfuðborg og öðrum hagstæðari áfangastöðum erlendis.

Það verður því að teljast afar sennilegt að boðaðar skattahækkanir muni fyrst og fremst leiða til þess að samdráttur verður í ferðaþjónustu í lengri ferðum utan höfuðborgarsvæðisins.

Skapar aukinn hvata fyrir svarta starfsemi

Undanfarin misseri hefur átt sér stað umræða um skattaundanskot í ferðaþjónustu. Bær vill benda á að með boðuðum skattahækkunum skapast aukinn hvati til slíkra undanskota. Það segir sig sjálf að það er erfitt fyrir heiðvirða ferðaþjónustuaðila að keppa við þá sem ekki greiða opinber gjöld af sinni starfsemi.

Nú þegar boðaðar hafa verið umtalsverðar skattahækkanir mun samkeppnisstaða Bæjar við aðila sem ekki standa skil á opinberum gjöldum versna enn frekar. Ástæða er til þess að lýsa yfir áhyggjum vegna þessa.

Leggjum áherslu á að gisting sé skattlögð á Íslandi með sambærilegum hætti og gert er í nágrannalöndunum þ.e. í lægra þrepi vsk.

Félagið mótmælir því harðlega og fer þess á leit við Alþingi að fallið verði frá áformunum.

Virðingarfyllst,

F.h Bæjar

Bær hf.



Sveinn H. Jensson,
framkvæmdastjóri